

Góð þátttaka í menningarþingi



Frá menningarþinginu 30. apríl

Í ávarpi sínu í upphafi menningarþingsins gat Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, þess að stefnt væri að því að menningarstefna verði lögð fyrir Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Mat á skólastarfi - Áætlun til þriggja ára

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nýlega birt á vef sínum [áætlun til þriggja ára um ytra mat á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi](#). Í lögum um skólastigin þrjú er kveðið á um að mennta- og menningarmálaráðuneyti geri áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir (ytra mat) sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga og aðalnámskrár, svo og annarra þátta skólastarfs. Ytra mat getur m.a. falist í úttektum og könnunum á einstökum þáttum skólahalds í skólum, stofnanaúttektum, úttektum á einstökum námsgreinum og námsþáttum og innra mati skóla.

Niðurstöður allra kannana og úttekta eru birtar á [vef mennta- og menningarmálaráðuneytis](#). Einnig verða þar birtar umbótaáætlanir sveitarstjórna og framhaldsskóla, byggðar á niðurstöðum ytra mats.

Áætlunin um ytra mat nær til árána 2010, 2011 og 2012.

Kvennaskólinn í Reykjavík íþróttaskóli ársins 2010

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra veitti miðvikudaginn 21. apríl Kvennaskólanum í Reykjavík viðurkenningu sem Íþróttaskóli ársins 2010. Kvennaskólinn sigraði í íþróttavakningu framhaldsskólanna með því að hljóta 316 stig eftir keppni í ýmsum íþróttagreinum og þátttöku nemenda í almennum hreyfistundum. Menntaskólinn á Laugarvatni, sem hafði titil að verja, lenti í öðru sæti og Verzlunarskóli Íslands í því þriðja. Í ár tóku alls 10.000

nemendur frá 31 framhaldsskóla þátt í íþróttavakningunni sem fólst í keppni í blaki, futsal, körfuknattleik, sundi og frjálsum íþróttum auk þess sem nemendur tóku þátt í almennum hreyfistundum á vegum skólanna.

Íþróttavakningin er hluti forvarnarverkefna á vegum Heilsuefingar og forvarna í framhaldsskólum (HOFF) sem er samstarfsverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, Lýðheilsustöðvar og tveggja félaga framhaldsskólanema, Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) og Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskólanema (HÍF).

Hjólað í vinnuna hófst 5. maí

Frá árinu 2003 hefur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands staðið myndarlega að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum með heilsu- og hvatningarátakinu "[Hjólað í vinnuna](#)". Meginmarkmið átaksins er að vekja athygli á hjólríðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Starfsfólk vinnustaða hér á landi hafa tekið vel við sér því þátttökan hefur margfaldast þau sex ár sem verkefnið hefur farið fram. Í fyrra var hjólað sem samsvarar 12 hringjum kringum jörðina eða 368 hringjum kringum Ísland. Í upphafi stóð átakið yfir í eina viku, næstu þrjú ár í tvær vikur og á síðasta ári var það í þrjár vikur.

Hjólað í vinnuna stendur frá 5. – 25. maí. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur skóla, fyrirtæki og aðrar stofnanir til þess að taka þátt í þessu verkefni.

Um 200 manns af sviði lista, menningararfs og safna, fjölmiðla og íþrótt- og æskulýðsmála tóku þátt í menningarþinginu [Menningarlandið 2010 – mótun menningarstefnu](#) sem haldið var á Hótel Loftleiðum 30. apríl síðastliðinn.

Tilgangur þingsins var að fá viðbrögð við fyrirliggjandi greiningu á núverandi menningarstefnu og fá fram hugmyndir sem gætu nýst í áframhaldandi vinnu við mótun menningarstefnu til framtíðar. Flutt voru þrjú framsöguerindi um núverandi menningarstefnu, Sóknaráætlun 20/20 og menningarneyslukönnu. Að þeim loknum unnu þátttakendur í 25 vinnuhópum um hvað beri að varðveita í núverandi stjórnsýslu og hverju ætti að breyta, hver ættu að vera helstu áhersluatriði næstu 10 árin og hvernig haga beri menntun á viðkomandi sviði.

Mikil og frjú umræða var í vinnuhópunum og ógrynni af hugmyndum komu fram – rúmlega 2000 miðar - sem unnið verður frekar úr á næstunni.

Vefkönnun meðal félagsmiðstöðva og æskulýðsfélaga

Mennta- og menningarmálaráðuneyti framkvæmdi undir lok síðasta árs könnun hjá félagsmiðstöðvum og æskulýðsfélögum um stöðu nokkurra lykilþátta í starfsemi þeirra. Leitað var álit forystufólks á því hvort breytingar hafi orðið á starfsemi eftir efnahagshrunið. Er þetta einn þáttur í því að fylgjast með hugsanlegum afleiðingum efnahagshrunsins með markvissum hætti.

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að aukning hafi orðið á fjölda þátttakenda í æskulýðstarfi og þeirra sem sækja félagsmiðstöðvar. Flest æskulýðsfélög og félagsmiðstöðvar hafa brugðist við efnahagsástandinu með niðurskurði á ýmsum sviðum en reynt hefur verið að halda starfseminni sem mest óbreyttri.

Niðurstöðurnar hafa verið kynntar fyrir Velferðarvaktinni sem samræmir alla upplýsingaöflun og aðgerðir sem lagðar eru til í velferðarmálum.

Könnunin var send til 141 forstöðumanns/starfsfólks félagsmiðstöðva, 50 svöruðu könnuninni og til 221 aðila í æskulýðsstarfi, 69 svöruðu könnuninni.

Niðurstöður könnunarinnar má finna á [vef ráðuneytisins](#).

